



# SÝSLUMAÐURINN Á NORÐURLANDI VESTRA

Dómsmálaráðuneytið  
Sölvhólgötu 7  
150 Reykjavík

Blönduósi 28.11.2018

**Mál nr. S-240/2018**

## **Dómsmálaráðuneytið: Almanna- og réttaröryggi**

*Drög að frumvarpi til laga um vinnslu persónuupplýsinga í löggæslutilgangi*

### UMSÖGN

Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra hefur kynnt sér efni draga að frumvarpi til laga um vinnslu persónuupplýsinga í löggæslutilgangi, sem til umsagnar er á Samráðsgátt Stjórnarráðsins á vefsíðunni [www.samradsgatt.is](http://www.samradsgatt.is) Embættið lætur efnið sérstaklega til sín taka vegna sérverkefna sinna á sviði innheimtu og fullnustu sektarrefsinga, þ.m.t. töku ákvarðana um afplánun vararefsinga skv. 1. mgr. 88. gr. laga um fullnustu refsinga nr. 15/2016.

Embættið fagnar setningu heildarlöggjafar um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga á sviði refsivörslu og tekur undir að frumvarpið muni leiða til réttarbóta á sviðinu. Þó er talið rétt að vekja athygli höfunda frumvarpsdraganna á því að auk þeirra lögbæru yfirvalda sem talin eru upp í 11. tl. 2. gr. frumvarpsins fer sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra með hlutverk að lögum á sviði fullnustu refsinga. Er þar nánar tiltekið um að ræða innheimtu- og fullnustuverkefni embættisins samkvæmt reglugerð um innheimtu sekta og sakarkostnaðar nr. 208/2006, með síðari breytingum, sbr. 2. málsl. 1. mgr. 87. gr. laga um fullnustu refsinga nr. 15/2016. Telur embættið í ljósi framangreinds, og til að koma í veg fyrir réttaróvissu, nauðsynlegt að það verði upp talið í 11. tl. 2. gr. frumvarpsins, meðal annarra lögbærra yfirvalda sem fara með hlutverk að lögum á þessu sviði.

Virðingarfyllst,

  
Bjarni G. Stefánsson, sýslumaður